



Leiðbeiningar um innanhússlagnir

16. september 2014

Inngangur

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar raflagnahönnuðum og öðrum sem hanna lagnir í íbúðarhús. Þær fjalla um frágang á innanhússlögnum í nýbyggingum á þeim stöðum þar sem Míla leggur aðeins ljósleiðaraheimtaugar.

Míla leggur aðeins ljósleiðaraheimtaugar (Single Mode ljós) í :

- **ný hverfi á höfuðborgarsvæðinu frá Mosfellsbæ til Hafnarfjarðar sem og á Akureyri, Selfossi, Sauðárkróki og á Skagaströnd.**
- **öll stærri fjölbýlishús sem byggð eru inni í grónum hverfum á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi, Sauðárkróki og á Skagaströnd.**

Ef byggð eru minni fjölbýlishús í grónum hverfum eða hönnuðir eru í vafa, þá skal haft samband við Mílu til að afla upplýsinga um hvaða heimtaugar eru fyrirhugaðar.

Hönnuðum er bent á reglur Póst og fjarskiptastofnunar nr. 1109/2006 um innanhússlagnir þar sem segir meðal annars:

„Fjarskiptafyrirtæki leggja til lista fyrir strengenda sína. Þeim skal vera heimilt að setja lok yfir listann með læsingu eða innsigli. Áskrifendur tengjast fjarskiptafyrirtækjum með línuslaufu milli viðkomandi lista. Húseigendur eru ábyrgir fyrir innanhússlögnum. Við hönnun og uppsetningu innanhússlagna skal þess gætt að öll fjarskiptafyrirtæki geti átt þess jafnan kost að veita notendum þjónustu og að notandi geti valið mismunandi fjarskiptafyrirtæki til að veita sér þjónustu“.

Innanhússlagnir í nýbyggingum skulu vera í samræmi við staðla um innanhússlagnir þ.e. ÍST-150 og ÍST-151.

Orðskýringar

Inntak: Staður þar sem strengur í almennu fjarskiptaneti er tekinn inn í byggingu.

Húskassi: Kassi sem staðsettur er við inntak heimtauga eða annara fjarskiptastrengja og þar sem samtengingar heimtauga við innanhússlagnir í ákveðinni byggingu á sér stað.

Innanhússlagnir: Hvers konar lagnir innanhúss, þ.m.t. strengir, rör, stokkar, kapalstigar, kapalbakkar, húskassar, greinikassar og tenglar fyrir almenna fjarskiptaþjónustu.

Inntakskassi: Kassi þar sem heimtaug endar í tengipunkti.

Staðsetning inntaks

Inntak skal vera staðsett þar sem starfsmenn Mílu hafa greiðan aðgang. Helst skal inntak vera í kjallarainngangi, bifreiðageymslu í áföstu húsi, sameiginlegu þvottaherbergi eða anddyri. Í fjölbýlishúsum skulu inntakskassar vera staðsettir í sameignarrými. Inntakskassar skulu vera sem næst aðaltöflu rafmagns þannig að lagnir geti legið á sama stað í lóð að húsi. Mikilvægt er að það sé gott aðgengi að rafmagnstengli. Miðast er við að hæð inntakskassa sé 120-160cm að neðri brún kassa.

Frágangur á lögnum

Míla leggur eingöngu single mode ljósleiðara. Hafa skal í huga við frágang á lögnum að beygjur mega ekki vera of krappar. Ef beygja er of kröpp getur myndast „macro bending“ og einnig ef strengur verður fyrir álagi/pressu eða togþol strengsins er ekki virt („micro bending“).

Ef ekki er passað upp á þetta þá getur strengur skemmst í uppsetningu og villur komið á sambandið. Beygjuradíus skal vera samkvæmt fyrirmælum framleiðenda og hafa skal í huga að leiðari G657A þolir meiri beygju en hefðbundinn G652D. Ljósleiðari skal vera í röri eða stökkum og fest eins og fram kemur í stöðlum, þannig að sómi sé af. Lagnavinna skal gerð í samkomulagi við húseiganda.

Húskassi í fjölbýlishúsum

Æskilegt er að húseigandi setji upp 19" skáp í stærri fjölbýlishúsum fyrir ljósleiðaratengingar sem rúmar bæði lagnir fjarskiptafyrirtækja og innanhússlagnir. Míla þarf tvö „U“ fyrir tólf íbúða fjölbýli og eitt „U“ til viðbótar fyrir hverjar 20 íbúðir. Húseigandi útvegar tengibretti fyrir innanhússlagnir.

Í minni fjölbýlishúsum þar sem ekki er settur upp 19" skápur setur Míla upp inntakskassa fyrir sinn strengenda. Húseigandi útvegar tengibretti fyrir innanhússlagnir í húskassa þar sem mögulegt er að tengja saman innanhússlögn og jarðstreng með línuslaufu á milli húskassa og inntakskassa.

Míla setur upp tengibretti fyrir sinn strengenda og er engum öðrum en Mílu heimilt að tengja sig inn í það tengibretti. Eingöngu skal tengja innanhússlagnir við endatengi í tengilista með línuslaufu. Í aðgangneti Mílu er eingöngu notað SC/APC eða LC/APC tengi.

Inntak í minni húsum og íbúðum

Míla setur upp inntakskassa fyrir sinn strengenda þar sem mögulegt er að tengja ljósendabúnað (ONT) við innanhússlögn.

Upplýsingar

Ef hönnuður er í vafa þá skal haft samband við Hönnun Aðgangsneta hjá Mílu (honnun@mila.is) til að afla nánari upplýsinga.